



14. tbl. 32. árg. 22. - 28. apríl 2020

**TUNNAN** prentuð í þessari  
viku. Óvist með næstu viku!  
Vefútgáfa er á:  
[www.tunnan.is](http://www.tunnan.is)



Fjallabyggð



# Gleðilegt summar

*Fjallabyggð óskar íbúum sínum  
og landsmönnum öllum gleðilegs sumars*

*Tökum vel á móti ykkur í allt sumar  
þar sem menning, náttúran og endalaus fegurð bíða ykkar*





# Aukaúthlutun úr sóknaráætlun Norðurlands eystra fyrir árið 2020

Samtök sveitarfélaga og atvinnupróunar á Norðurlandi eystra auglýsa eftir hugmyndum að áhersluverkefnum fyrir árið 2020. Um er að ræða viðbótarfjármagn af hálfu ríkisins sem veitt er í sóknaráætlanir landshluta, sem og aukið fjármagn samtakanna, vegna áhrifa Covid-19 á samfélagið. Alls eru um 42 m.kr. í pottinum.

Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar Norðurlands eystra og styðja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Óskað er eftir umsóknum um atvinnuskapandi verkefni á svíði nýsköpunar, atvinnupróunar, menningar- og umhverfismála sem geta hafist sem fyrst. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn samtakanna.

Umsækjendur sem ekki fengu styrk úr sóknaráætlun fyrir árinu, eða telja þörf á auknu fjármagni í verkefni, eru hvattir til að endurnýja umsóknir sínar og staðfæra að núverandi aðstæðum. Yfirlit yfir áhersluverkefni Eyþings/SSNE má finna á vefnum [eything.is](http://eything.is) undir Sóknaráætlun.

## FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA:

Ari Páll Pálsson	<a href="mailto:ari.pall@ssne.is">ari.pall@ssne.is</a>	sími 464 0416
Baldvin Valdemarsson	<a href="mailto:baldvin@ssne.is">baldvin@ssne.is</a>	sími 460 5701
Vigdís Rún Jónsdóttir	<a href="mailto:vigdis@ssne.is">vigdis@ssne.is</a>	sími 464 9935

Hægt er að skila inn umsóknum til og með 30. apríl nk. á netfangið [helgamaria@ssne.is](mailto:helgamaria@ssne.is)  
Einnig má nálgast umsóknareyðublaðið á vef Eyþings, [www.eything.is](http://www.eything.is)

Kæru íbúar Fjallabyggðar:

HUGVIT HRAEFFI  
ÍSLENSKT  
HREINLEIKI

Gleðilegt sumar með þökk fyrir  
frábærar viðtökur á ChitoCare



### Sumargjöfin – Frábært dekur

Tilvalið til að dekra við sig í rólegheitum heima.

Hentar öllum húðgerðum. Settið inniheldur:

**FACE CREAM + HAND CREAM + BODY SCRUB + BODY LOTION**

Allar vörurnar innihalda lífvírka efnið kitósan framleitt á Siglufirði. Kitósan er öflugur andoxunar- og rakagjafi, græbandi, myndar filmu og verndar húð.

Það verður 20% afsláttur af ChitoCare beauty hjá Apóteki Siglufjarðar til 4. maí n.k.

Hægt að fá sent heim! Stöndum saman í baráttunni.

 primex  
ICELAND



[chitocare.is](http://chitocare.is)

chitocare  
PrimexIceland

  
NÝSKÖPUNÁRÐALUN  
ÍSLANDS

  
SÍÐANEFNDIN



# Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Þormóðseyrar á Siglufirði – Tjarnargata 18

Bæjarstjórn Fjallabyggðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Þormóðseyrar á Siglufirði samkvæmt 1. mgr. 43.gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin nær til lóðarinnar Tjarnargötu 18 og felur í sér stækkan á byggingarreit þar sem gert er ráð fyrir stækkan á núverandi bátaskýli, fjarskiptamastri að hámarki 35m á hæð auk tilheyrandi tækja- og rafstöðvarhúsi.

Breytingartillagan verður til sýnis á auglýsingatöflu á þriðju hæð Ráðhúss Fjallabyggðar að Gránugötu 24 auk þess að vera aðgengileg á heimasiðu Fjallabyggðar til og með laugardeginum 30. maí 2020.

Þeim sem telja sig eiga hagsmunu að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemendum eða ábendingum rennur út laugardaginn 30. maí 2020. Skila skal athugasemendum á netfangið [armann@fjallabyggd.is](mailto:armann@fjallabyggd.is) eða í Ráðhús Fjallabyggðar, Gránugötu 24, 580 Siglufirði.

**Skipulagsfulltrúi Fjallabyggðar**

## BÖGGVISBRAUÐ

Lífræn súrdeigsbrauð úr viðarhitaða steinofninum á Böggvisstöðum í Svarfaðardal.

Bakað fimmtudaga fyrir Fjallabyggð.

Upplýsingar á Facebook/Böggvisbrauð

eða síma: 692-4754. Greitt fyrirfram eða áskrift.

Afhending brauða á fimmtudögum, Keyrt heim.





## Eftirtalin sumarstörf hjá Fjallabyggð eru laus til umsóknar

**Yfirmaður umhverfisverkefna.** Auglýstar eru tvær stöður yfirmanns umhverfisverkefna, annars vegar á Ólafsfirði og hins vegar á Siglufirði. Hann skipuleggur og stýrir umhverfisverkefnum í Fjallabyggð og hefur umsjón með sláttugengi sem sinnir slætti og umhirðu á opnum svæðum. Starfstímabil er frá 15. maí - 15. september. Leitað er eftir einstaklingum sem eru 25 ára eða eldri, skipulagðir og sjálfstæðir í starfi. Reynsla af garðyrkju og öðrum verkefnum á opnum svæðum æskileg.

**Sláttugengi -** Þjónustumiðstöð auglýsir eftir starfsmönnum til að sinna slætti og umhirðu á opnum svæðum. Starfstímabil er frá 27. maí til 14. ágúst. Umsækjendur þurfa að vera 16 ára (f.2003) og eldri.

**Starfsmaður í skógrækt.** Auglýst er eftir starfsmanni til að sinna viðhaldsverkefnum í Skógrækt Siglufjarðar. Starfstímabil er frá 15. júní - 14. ágúst. Reynsla af skógræktarvinnu æskileg.

**Þjónustumiðstöð** Fjallabyggðar auglýsir eftir starfsmönnum í almenna verkamannavinnu. Helstu verkefni; girðingarvinna, málun gangbrauta og annarra merkinga, hreinsun leiksvæða og opinna svæða. Starfstímabil er frá 27. maí - 14. ágúst.

**Vélamaður.** Auglýst er eftir vélamanni til að vinna við garðslátt og umhirðu á opnum svæðum. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára og hafa dráttarvélaréttindi. Starfstímabil er frá 27. maí - 14. ágúst.

**Vinnuskóli Fjallabyggðar** auglýsir eftir flokksstjórum til að starfa við skólann. Starfstímabil er frá 27. maí til 14. ágúst. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára og eldri. Flokksstjórar stjórna daglegu starfi vinnuflokka skólans og stuðla að reglusemi, ástundun og góðri umgengni starfsmanna. Flokksstjórar vinna með unglungunum og sýna þeim hvernig staðið skuli að verki og leiðbeina um notkun á áhöldum og tækjum.

**Íþróttamiðstöð Fjallabyggðar** vantar starfsmenn á Siglufirði og Ólafsfirði. Starfstímabil er frá 8. júní - 19. ágúst. Leitað er að einstaklingum 20 ára og eldri sem hafa þekkingu í skyndihjálp og standast kröfur sem gerðar eru til sundvarða sem felast í því að taka sundpróf samkvæmt reglugerð um öryggi á sundstöðum.

**Allar nánari upplýsingar um störfin er hægt að nálgast hjá:**

[haukur@fjallabyggd.is](mailto:haukur@fjallabyggd.is) vegna flokksstjóra og íþróttamiðstöðva.

[armann@fjallabyggd.is](mailto:armann@fjallabyggd.is) og Birgir bæjarverkstjóri 8931467 vegna annarra auglýstra starfa.

**Umsóknarfrestur allra starfa er til og með 8. maí.** Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar eða gegnum heimasiðu bæjarfélagsins, [www.fjallabyggd.is](http://www.fjallabyggd.is). Vakin er athygli á því að hægt er að sækja um rafrænt í gegnum íbúagáttina MÍN FJALLABYGGÐ.

# BÓKASAFN FJALLABYGGÐAR AUGLÝSIR – OPNUM EFTIR 13 DAGA ☺

Mánudaginn 4. maí verður létt á samkomubanni. Þann dag opna bókasöfnin að nýju ☺ en skert þjónusta verður enn um sinn.

- Hefðbundinn afgreiðslutími – 13.00-17.00 virka daga
- Allir spritta sig
- Skert þjónusta
- Dagblöðin liggja ekki frammi
- Tímarit eru til útláns eingöngu, ekki er leyfilegt að skoða þau á safninu
- Öll leikföng á barnadeild hafa verið tekin úr umferð
- Lágþórkum tímann sem við erum á safninu
- Bíðulum til viðskiptavina að dvelja ekki lengur á safninu en þann tíma sem það tekur að velja sér bækur, taka/skila



Skiladagur á bókum sem eru í útláni er 14. maí þannig að allir hafa 10 daga eftir að það er opnað til að skila bókum sem þeir eru með nú þegar.

Takk fyrir að virða og fara eftir fyrirmælum starfsmanna ☺

Hægt verður að fylgjast með frekari breytingum á:

bokasfn.fjallabyggd.is - [facebook.com/BokasafnFjallabyggdar](https://facebook.com/BokasafnFjallabyggdar), Sigrufirði, Ólafsfirði – eða hafa samband [bokasfn@fjallabyggd.is](mailto:bokasfn@fjallabyggd.is) – sími 4649120

HELLAN

www.tunnan.is

Raffð Rafvirkjar

Gleðilegt sumar

Meðal efnis í blaðnum:

þjónustu, óf, óf, óf, óf, óf, óf, óf,

Um óf:

útskrift, óf, óf, óf, óf, óf, óf, óf,

Þír bankar i Arion appinu

HELLAN

Sumarblaðið

kemur út í vikunni.

Full af efni eins og venjulega.

# Áskrift

Áskrift í síma: 467-1288 eða  
á netfangið: [tunnan@tunnan.is](mailto:tunnan@tunnan.is)



# FJALLABYGGÐ PLOKKAR!

PLOKK Á ÍSLANDI  
#PLOKK2020

*Allir út að plokka í Fjallabyggð laugardaginn 25. apríl*

Fjallabyggð vill hvetja alla bæjarbúa, unga sem aldna, fyrirtæki og stofnanir til að taka þátt í hreinsun og fegrún umhverfisins í tilefni af degi umhverfisins þann 25. apríl nk.

Frábær útivera og hreyfing um leið og við finnum fyrir tilgangi, sjáum árangur, eflum núvitund og gerum umhverfinu og samfélaginu okkar gott.

Fjallabyggð mun taka þátt og leggur til poka sem aðgengilegir verða Plokkurum fyrir utan Kaffi Klöru í Ölafsfirði og fyrir utan Þjónustumiðstöðina á Siglufirði.

Hægt er að skilja eftir poka við gómasvæðin og mun Fjallabyggð sjá um að fjarlægja þá.



- Frábær hreyfing fyrir alla
- Einstaklingsmiðað
- Hver á sínum hraða og tíma
- Frábært fyrir umhverfið
- Fegrar nærsamfélagið
- Öðrum góð fyrirmynnd



**Canon blek**  
**TUNNAN VERSLUN**  
**LAEKJARGÖTU 9 B**  
**SIGLUFIRDI**

**1. maí er alþjóðlegur baráttudagur verkafólks**  
Árleg áminning um mátt samstöðunnar og nauðsyn áframhaldandi  
baráttu fyrir réttlæti og mannsæmandi lífskjörum fyrir alla

**Í ár hittumst við í stofunni heima!**

Vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélagitum er ekki hægt að bjóða upp á hefðbundar hátiðarsamkomur 1. maí nk. og því munu stéttarfelögin við Eyjafjörð standa fyrir dagskrá á N4. Fylgist með!

**Til hamingju með daginn!**

Eining-löja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni.

460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð

